

Alþingi
Erindi nr. P 140/913
komudagur 20.1. 2012

FFR

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Alþingi Íslendinga
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi 18. janúar 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands (skrifstofustjórar, launaviðmið), 365. mál.

Þann 2. desember 2012 lagði fjármálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands (skrifstofustjórar, launaviðmið), 365. mál.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana harmar málatilbúnað undanfarinna ríkisstjórna og breytingar Alþingis í tvígang árin 2008 og 2009 á lögum nr. 47/2006 um kjararáð þess efnis að kjararáð skyldi lækka laun embættismanna, alþingismanna og ráðherra um 5–15%.

Félag forstöðumanna ríkisstofnana minnr á að embættismenn njóta ekki eins og annað launafólk réttinda skv. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um að í lögum skuli kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Þess í stað hefur löggjafinn falið kjararáði að ákvarða launakjör embættismanna. Kjararáð er stjórnvald sem fer með tiltekið hlutverk lögum samkvæmt. Það er því óeðlilegt að Alþingi mæli fyrir um hvernig það skuli haga úrskurðum sínum. Lögð er áhersla á að kjararáð geti óáreitt starfað samkvæmt lögum nr. 47/2006 um kjararáð eins og þau voru fram að breytingum Alþingis með lögum nr. 148/2008. Jafnframt er mikilvægt að kjararáð fari í störfum sínum og málsmeðferð að ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, þar á meðal varðandi aðkomu forstöðumanns að umfjöllun og ákvörðun um eigin mál.”

Félag forstöðumanna ríkisstofnana telur að ákvæði 8. gr. laga nr. 47/2006 um þær viðmiðanir sem kjararáð skuli gæta við ákvarðanir sínar séu fullnægjandi þótt aðstæður í efnahagsmálum taki breytingum. Þar er mælt fyrir um að kjararáð skuli gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem ráðið ákveður, að starfskjör séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar, að við ákvörðun launakjara skuli kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs hins vegar og að kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar

kjaramála á vinnumarkaði. Einnig er í 10. gr. sömu laga mælt fyrir um að kjararáð skuli ætíð taka mál til meðferðar ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Á grundvelli framangreinds gerir Félag forstöðumanna ríkisstofnana eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands (skrifstofustjórar, launaviðmið), 365. mál.

1. Lagt er til að lög um Kjararáð verði færð til þess horfs sem þau voru áður en afar umdeildar breytingar voru gerðar á lögum á árinum 2008 og 2009.
2. Lagt er til að sett séu ný ákvæði í lögum sem tryggja að Kjararáð geti starfað án pólitískrar afskipta til að tryggja það hlutleysi sem nauðsynlegt er fyrir ráðið og til að tryggja stjórnarskrárbundin réttindi þeirra sem undir ráðið heyra.

Bestu kveðjur



Magnús Guðmundsson

formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana
magnus@lmi.is

Póstfang:

Landmælingar Íslands
Stíllholt 16-18
300 Akranes